

Kæru nemendur

Eins og þið vitið ákváðum við nú í vor að fresta peysufatadeginum ykkar fram til haustsins. Við stefnum að því að halda hann hátíðlegan með nemendum í 3. bekk **föstudaginn 10. september**. Á þessum degi klæðast nemendur íslenskum þjóðbúningum og syngja og dansa úti um borg og bý. Þetta er ávallt mikill gleðidagur og af mörgum fyrrverandi nemendum skólans talinn einn eftirminnilegasti skóladagurinn þegar þau líta til baka yfir Kvennaskólaárin sín. Dagurinn var smærri í sniðum en venjulega nú í vor, hjá fráfarandi 3. bekk, en við vonum svo sannarlega að hann verði með hefðbundnu sniði hjá ykkur í haust.

Við gerum ráð fyrir að halda **kynningarfund** og söngæfingu fyrir árganginn ykkar fljótlega eftir skólabyrjun og svo nokkrar dans- og söngæfingar síðustu tvær vikurnar fyrir daginn (væntanlega haldnar strax eftir skóla). Þetta verður allt kynnt betur í haust.

Það sem þið getið farið að huga að núna er **klæðnaður**. Löng hefð er fyrir því að nemendur klæðist íslenskum búningi af einhverju tagi og finnið þið með þessum pósti fróðlegar **upplýsingar um algenga búninga**. Eins getið þið valið að klæðast á þjóðlegan máta, t.d. í lopapeysu og dökkar buxur. **Enginn ætti að láta fataleysi koma í veg fyrir þátttöku** á þessum skemmtilega og eftirminnilega degi.

Mörg ykkar geta eflaust fengið **lánaða** búninga hjá ættingum eða vinum, þeir leynast á mörgum heimilum, sérstaklega kvenbúningar. Einhverjir kjósa að **leigja** búning og við vitum af fjórum aðilum sem bjóða upp á þjóðbúningaleigu. Flestir hafa leitað til **Þjóðdansafélagsins** í gegnum árin enda er úrvalið mest hjá þeim en einnig á **Þjóðbúningaleiga Kolfinnu** nokkra búninga, sem og **Þjóðbúningar og fatagerð Sólveigar**. Jafnframt hefur **Glímusamband Íslands** nokkra karlabúninga til leigu. Nánari upplýsingar um þessar leigur eru hér fyrir neðan.

Bestu kveðjur,

Margrét Helga Hjartardóttir, frönskukennari við Kvennaskólann og umsjónarkona peysufatadagsins

<b>Þjóðdansafélagið</b> Félagið vill afgreiða <b>allar pantanir í gegnum tölvupóst</b> . Senda á póst með fyrirspurn og fá tíma í máttun: <a href="mailto:thjoddans@gmail.com">thjoddans@gmail.com</a> (ef þið sendið póst nú í sumar mun ykkur væntanlega vera boðið í máttun um miðjan ágúst)	<b>Þjóðbúningaleiga Kolfinnu</b> Efstasundi 37 s: 553 8955 / 893 8949 <a href="mailto:kolfinnasig@gmail.com">kolfinnasig@gmail.com</a>
<b>Glímufélag Íslands</b> <a href="mailto:gli@glima.is">gli@glima.is</a> (taka bara við pöntunum í gegnum þennan póst).	<b>Þjóðbúningar og fatagerð Sólveigar</b> s: 568 5606, Ásgarði 1

